

Mánudaginn 9. októbermánaðar.

Nr. 9/1905:

Halldór Bjarnarson  
gegn

Ásgrími Magnússyni og sýslu-  
manni Steingrími Jónssyni.

D ó m u r:

Með dómi gengnum fyrir aukarétti Þingeyjarsýslu 5. okt. 1901 var áfrýjandinn Halldór prestur Bjarnarson á Presthólum dæmdur til að greiða binum stefnda Ásgrími Magnússyni 144 kr. með 5<sup>0</sup>/<sub>10</sub> vöxtum frá stefnu-  
degi 27. maí 1901 til borgunardags og 25 kr. í málskostnað. Þessum aukaréttardómi áfrýjaði Halldór prestur Bjarnarson til yfirdómsins með stefnu, dags. 27. janúar 1903, og var málinu ráðið þar til lykta hinn 2. nóv. s. á. á þá leið, að aukaréttardómurinn skyldi í öllum greinum óraskaður standa, og var áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda 40 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi og auk þess í 10 kr. sekt í landssjóð fyrir þarflausa málsýfingu.

Með því nú að síra Halldór reyndist ófáanlegur til að borga Ásgrími hina ídæmdu skuld, var samkvæmt kröfu dómhafa fjárnám gjört hjá síra Halldóri hinn 20. okt. f. á. til fullnustu á nefndum landsyfírréttardómi, svo og fyrir kostnaði við fjárnám.

Fjárnámsgjörð þessari ásamt 2 úrskurðum uppkveðnum sama dag af fógætarétti Þingeyjarsýslu og enn fremur eftirfylgjandi nauðungaruppboði, er fram fór 23. nóv. s. á., hefir Halldór prestur Bjarnarson skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 6. febr. þ. á. og hefir hann krafist að fógætaúrskurðirnir og þar eftirfarandi fjárnáms-

gjörð verði úr gildi feld og hin eftirfarandi uppboðsgjörð verði ónýtt, að hinir stefndu, Ásgrímur Magnússon og sýslumaður Steingrímur Jónsson, verði dæmdir til þess in solidum að skila sér aftur jafngóðum hinum útlögðu og seldu fjármunum eða greiða sér 446 kr. 93 a. Ennfremur krefst áfrýjandi þess, að fógetinn verði dæmdur til sekta og til skaðabóta út af fjárnáminu, svo og fyrir vansa og álitsspell eftir mati yfirdómsins eða dómkvaddra manna, alt að 5000 kr.

Af hálfu hinna stefndu hefir þess aftur á móti verið krafist, að hin áfrýjaða fjárnámsjörð verði staðfest, að þeir verði algjörlega sýknaðir af kærnum og kröfum áfrýjandans og hann dæmdur til að greiða þeim málskostnað allan eftir mati réttarins.

Ógildingarkröfu sína byggir áfrýjandi á því, að hann bréfi dags. 4. febr. f. á. til fógetans í Þingeyjarsýslu hafi gjört ráðstafanir til, að til fullnægingar á nefndum landsyfirréttardómi yrði tekið það sem með þyrfti af fé, sem honum hefði verið lagt út við opinber skifti á 2 dánarbúum og væri ennþá í vörzlum sýslumannsins í Þingeyjarsýslu.

Í tilefni af þessari ávísun hefir sýslumaðurinn hinn 6. júní f. á. gefið þá yfirlýsingu, sem framlögð var fyrir fógetaréttinum, að hann gæti ekki viðurkennt, að síra Halldór ætti fé í sínum vörzlum, eða þótt svo væri, að hann þá hefði nokkurn rétt ul að ávísu því upp í þessa skuld. Þar sem hin tilvitnaða krafa var þannig vefengd af réttum hlutaðeiganda, þá neitaði umboðsmaður dómhafa að taka hana til greina og krafðist að fjárnám væri gjört í eignum síra Halldórs til fullnægingar á dómkröfunni.

Með því að það gat alls ekki heitið nein fullnæging á dóminum að vísa dómhafa á vefengdar kröfur, er síra Halldór þóttist hafa á hendur skiftaráðanda, verður að fallast á, að fógeti neitaði að taka til greina hin framkomnu mótmæli gegn fjárnámsgjörðinni og sömuleiðis verður að fallast á að fógetinn eftir eindregnum mótmælum gjörðarbeiðanda neitaði að gjöra fjárnám í þessum vefengdu kröfum.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta hina áfrýjuðu fjárnámsgjörð. Eftir atvikum virðist rétt, að áfrýjandi greiði hinum stefndu 15 krónur hvorum í málskostnað fyrir yfirdómi. Svo verður hann og fyrir ástæðulausa málsýfing að sæta sekt samkvæmt tilsk. 11. ág. 1819 sbr. tilsk. 24. jan. 1838, 3. gr., er ákveðst 20 kr., er renni landssjóð.

#### Því dæmist rétt vera:

Hin áfrýjaða fjárnámsgjörð skal vera óröskuð. Áfrýjandinn Halldór prestur Bjarnarson á Presthólum greiði í sekt til landssjóðs 20 krónur og hinum stefndu Ásgrími Magnússyni og sýslumanni Steingrími Jónssyni í málskostnað fyrir yfirdómi 15 krónur hvorum.

Dómi þessum skal fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu hans, að viðlagðri lagaðför.